


Byggðasafn Vestfjarða



131. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða haldinn þriðjudaginn 25. marz 2026 kl. 12:00 í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað.

Mætt: Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Sigríður Júlía Brynjólfsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Þór Thoroddsen sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Sæbjörg Freyja Gísladóttir safnvörður sem ritaði fundargerð.


Dagskrá:

1. Kynning á hönnun svæðis - Ný teikning af lóðinni kynnt og rædd. Skipulagði sem nú liggur fyrir gerir ráð fyrir að girðing rísi við grunninn til að auka möguleika á nýtingu hans þar til nýtt hús verður reist. Stjórnin fagnar því að aðgengi verði betra og svæðið endurbætt, en hún vill viðhalda þeirri sýn að innan fárra ára muni rísa hús á grunninum sem hýsa mun upplýsingarmiðstöð, kaffihús og fleira. Stjórn Byggðasafnsins skorar á eigendur Neðstakaupstaðar að standa við þau áform að byggja þjónustuhús á grunninum, að það mæti nútímakröfum um starfseminu og um leið sé hugsað til framtíðar.
2. Staðan á sýningum og annarri vinnu – unnið í Turnhúsi við endurskipulagningu á 1. hæð, þar hefur verið unnið í að setja upp sprinklerkerfi. Byrjað á að setja upp sýninguna í Krambúð. Langt komið með að grisja og yfirfara gripi húsmæðraskólans, búið er að tæma landsbankakjallarann. Það þýðir að það er allt yfirfullt í smiðjunni en við munum halda áfram að vinna við þetta í haust – ljúka skráningu og frágangi.
Vinnu við sýningu um Neðstakaupstað sem hófst 2024 er á lokametrum og mun hún opna á grunninum í sumar. Hún var unnin með styrk frá safnasjóði.
Stefnum á að klára sýningu á Straumnesfjalli fyrir haustið en sýningin mun verða að hluta til á fjallinu og hluta til í Neðstakaupstað.
Í vikunni komu tveir forverðir til okkar til að ráðleggja varðandi sýningar en það verkefni hlaut styrk úr safnasjóði.
3. Styrkir til safnsins 2026. Ný sýningarrými – styrkupp hæð: 900.000 kr. /Vort daglega brauð - saga bakaría á Ísafirði – styrkupp hæð: 800.000 kr. /– Neyðarkistur –

Turnhúsinu – 400 Ísafirði

Sími/tel: + 456 3291 – e-mail: byggdasafn@isafjordur.is – Heimasíða/website: www.nedsti.is

Byggðasafn Vestfjarða



styrkupphæð: 300.000 kr. / Ekkert kom úr fornminjasjóði í Sædísí ÍS en húsafriðunarsjóður veitti okkur rannsóknarstyrk upp á 700.000kr til að gera byggingarsögurannsókn á Turnhúsinu.

4. Heimasíðan nýja hefur verið sett upp, starfsmaður fengið kennslu í að setja inn efni á hana og stefnt er á að hún fari í loftið í júní
5. Safnastefna og grisjunarstefna lagðar fram til kynningar. Söfn eru skyldug til að vinna slíkar stefnur og skila til safnaráðs. Bent var á að mögulega ætti framtíðarsýn safnsins að koma inn í stefnuna. Forstöðumaður mun vinna í því.
6. Endurskipulag í bókhaldi. Lagt fram skjal þar sem útskýrðar eru fyrirhugaðar breytingar á bókhaldi sem munu einfalda kerfið og gera það aðgengilegra til að sjá stöðu hvernar deildar safnsins.
7. Önnur mál

Safnið er aðili að Erasmus+ verkefni, „*CULINARIA FROM CULINARY MEDICINE TO PROFESSIONAL SKILLS INTEGRATING HEALTH, PLEASURE AND SUSTAINABILITY INTO VOCATIONAL FOOD EDUCATION*“. Við verðum aðilinn sem sér um samhæfinguna og þar á meðal greiðslur og skýrslugerð.

Samstarfsverkefni viðurkendu safnanna á Vestfjörðum við Luca Berti frá Danmörku.

Hann fer um Vestfirði, tekur myndir og viðtöl og afraksturinn verður sýning og efni sem mögulegt er að nota til frekari rannsókna í framtíðinni. Við fengum styrk úr uppbyggingarsjóði og erum að vinna í frekari styrkjum.

Við erum búin að skila viðbragðsáætlun fyrir Turnhúsið til safnaráðs og unnið er í áætlunum fyrir Krambúð, Jónshús og Þingeyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.30

Byggðasafn Vestfjarða

